

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/3047
komudagur 23.8.2011



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2011
Mál nr. 1105003

Efni: Umsögn um 839. mál

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, þskj. 1510 – 839. mál.

Frumvarpið felur í sér að heimildir til veiða úr nytjastofnum við Ísland verði á forræði íslenskra sveitarfélaga, aflaheimildir verði seldar á uppboði eða seldar á sérstöku sveitarfélagaverði, til strandveiða verði lögð 40.000 tonn af óslægðum botnfiski og að stofnaður verði svokallaður kvótaskuldaskjóður.

Þetta frumvarp felur í sér að rekstri starfandi sjávarútvegsfyrirtækja verður kollvarpað, vald ráðherra og sveitarstjórnarmanna verður stóraukið sem og pólitísk afskipti af rekstri sjávarútvegsins, skammtímasjónarmið innleidd sem grafa undan ábyrgri nýtingu nytjastofna og aukið verulega á óvissu í atvinnugreininni. Jafnframt felur frumvarpið í sér að tekið verði fram fyrir hendur samtaka sjómanna og útvegsmanna sem hafa það verkefni að semja um kaup og kjör.

Við leggjumst því alfarið gegn því að þetta frumvarp nái fram að ganga og erum reiðubúnir til að skýra það nánar, ef á þarf að halda.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.